



Kristín Jónsdóttir ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við Uppeldis- og menntunarfræðideild, Háskóla Íslands:



Ísl. heiti: *Tengsl heimila og grunnskóla á Íslandi*

Enskt heiti: *Parental involvement in compulsory schools in Iceland*

Vörnin fer fram miðvikudaginn 20. júní kl. 13.00 í Skriðu, sal á Menntavísindasviði við Stakkahlíð.

Andmælendur eru dr. Karen Ida Dannesboe, dósent við Háskólann í Árósum, og dr. Elsa Westergård, dósent við Háskólann í Stavanger.

Leiðbeinandi var dr. Amalía Björnsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, og meðleiðbeinandi dr. Unn-Doris Bæck prófessor við UiT, The Arctic University of Norway, Tromsø. Auk þeirra sat í doktorsnefnd dr. Gerður G. Óskarsdóttir, sjálfstætt starfandi fræðimaður.

Ólafur Páll Jónsson prófessor og deildarforseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar stjórnar athöfninni.

Allir velkomnir

### Um verkefnið

Í rannsókninni var leitað svara við meginspurningunni: Hvaða hlutverki þjóna tengsl heimila og skóla í grunnskólastarfi á Íslandi? Markmiðið var að lýsa því sem er einkennandi fyrir tengsl heimila og skóla; að skoða hvað unglingum finnst æskilegt varðandi þátttöku foreldra; og loks að draga fram hvernig þjónusta skóla og félagslegir þættir hafa áhrif á tengsl heimila og skóla sem og á ánægju foreldra með skólastarf.

Rannsóknin er þáttur í rannsóknarverkefninu *Starfshættir í grunnskólum*. Gagna var aflað í 20 grunnskólum. Unnið var með gögn úr rafrænum spurningalistum til starfsfólks skólanna, foreldra allra nemenda og til unglinga í 7.-10. bekk. Við úrvinnslu var reiknuð lýsandi tölfræði, skoðuð tengsl á milli þátta og notuð fjölbreytuaðhvarfsgreining til að varpa ljósi á hvað hefði áhrif á sjónarmið þátttakenda.

Niðurstöður sýndu að foreldrar og kennarar voru einhuga um að samskipti jafnt sem samstarf þeirra væri mikilvægt fyrir menntun barna og unglinga. Samskipti milli heimila og skóla eru kerfisbundin og regluleg en það er hins vegar álitamál hversu oft er um samstarf að ræða. Einkum yngri kennarar sögðu samstarf við foreldra stundum vera erfitt. Foreldrar jafnt sem starfsfólk skóla töldu æskilegast að foreldrar tækju þátt í félagslífi og viðburðum skóla á hefðbundnum nótum. Foreldrar virtust ekki sækjast eftir að taka þátt í sjálfu námi barna sinna. Hins vegar sýndu unglingar áhuga á að foreldrar tækju frekar þátt í því sem sneri að náminu en félagslífinu og mikill meirihluti unglinga sagðist vilja stuðning foreldra við heimanám. Fram kom töluverður munur á viðhorfum innan unglingshópsins. Rannsóknin leiddi líka í ljós að foreldrar stóðu ekki jafnt að vígi gagnvart skólunum. Sláandi var að einstæðar mæður fundu oft til vanmáttar í samskiptum sínum við starfsfólk skóla og þær töldu sig síður en aðrir foreldrar fá stuðning innan skólanna fyrir börn sín sem þurftu þess með.

## Enska

This dissertation had three main aims: first to give an overview of parental involvement in Icelandic compulsory schools, second to bring attention to opinions of teenage students on the home-school relationship, and third, to examine how parental involvement and satisfaction with school are influenced by school services and social factors. The main research question was: What part does parental involvement play in compulsory schools in Iceland?

The research on parental involvement is part of a bigger research project, *Teaching and learning in Icelandic compulsory schools* conducted in 20 schools in collaboration with their personnel, students and parents. Quantitative data from questionnaires were used. Four online questionnaires were directed to school personnel, one online questionnaire to parents of all students in the 20 schools, and an onsite questionnaire was directed to students in grades seven through ten in 14 schools. Analysis of parental involvement was done by exploring differences and relationships in opinions, and factor analysis and regression analysis were used to bring forth what influenced participants' opinions.

The findings have been published in four papers. An overview of parental involvement showed that the home-school relationship is systemic and regular, but it is questionable if it comprises real cooperation. Findings showed that relationships between parents and teachers are important; parents were generally satisfied, but some teachers, especially the younger ones, felt that communicating with parents is difficult. Most adults, parents and school personnel favoured the traditional kind of parental participation, which primarily involves social activities. Meanwhile, the teenagers showed interest in relating parental participation to their academic activities. The research revealed a reality of inequity in praxis; most striking was that single mothers often feel powerless, and receive less support for their children than do other parents.

## Um doktorsefnið

Kristín Jónsdóttir lauk BA-prófi í almennri bókmenntafræði og íslensku frá Háskóla Íslands 1986 og vann svo við fjölmiðlun og ferðaþjónustu. Hún lauk viðbótarnámi í hagnýtri fjölmiðlun 1991 og kennsluréttindanámi 1992 og hóf störf sem kennslukona í unglingadeild Langholtsskóla. Kristín hefur starfað í menntakerfinu allar götur síðan, aðallega sem kennslukona en einnig sem verkefnisstjóri matsdeildar hjá Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands 1998-1999 og á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur sem forstöðumaður þróunarsviðs veturinn 2000-2001. Kristín lauk M.Ed. prófi í uppeldis- og menntunarfræðum frá Kennaraháskóla Íslands 2003. Hún hefur verið lektor í kennslufræði við kennaradeild KHÍ, síðar HÍ, frá 2007. Síðastliðna tvo vetur hefur Kristín verið skólastýra Barnaskóla Hjallastefnunnar á Vífilstöðum og jafnframt kennt unglingum í Tálknafjarðarskóla íslensku í fjarkennslu. Kristín er gift Þórarni Eyfjörð og börn þeirra eru Sigrún og Þorsteinn.